



## Reglur Akureyrarbæjar um skráningu fjarvista starfsfólks á vinnutíma

Reglurnar gilda um skráningu heimilaðra fjarvista starfsfólks á vinnutíma, bæði launaðra og ólaunaðra.

Markmið reglnanna er að samræma og skýra hvernig háttá má fjarvistum á vinnutíma. Starfsfólk skal leitast við að tímasetning persónulegra erinda sé utan vinnutíma hvort sem um er að ræða heimilaða launaða fjarvist eða heimilaða ólaunaða fjarvist og sinni einkaerindum í frímtíma.

Hlutverk stjórnenda er að tryggja að tímaskráningar séu í samræmi við þessar reglur og kjarasamninga.

Launadeild hefur það hlutverk að hafa eftirlit með réttum skráningum í viðverukerfi. Starfsfólki ber að gera athugasemdir við skráningar sem samræmast ekki reglunum og leiðbeina yfirmönnum um rétta skráningu.

### 1. Verklag og heimildir til launaðrar fjarvistar á vinnutíma

#### 1.1. Verklag við notkun á Vinnustund þegar um heimilaðar launaðar fjarvistir er að ræða:

- Starfsmaður stimplar sig út við brottför og inn við komu. Skráir fjarvistategund sem launað leyfi með samþykki yfirmanns og setur skýringu í athugasemdir. Athugið að ekki skal skrá persónulegar upplýsingar svo sem ástæðu læknisheimsóknar sem skýringu.

#### 1.2. Heimildir til launaðrar fjarvistar á vinnutíma:

- Ferðir til heimilis-, sérfræði- og tannlækna, í mæðravernd, bólusetningar, rannsóknir að fyrirmælum læknis, reglubundnar forvarnarannsóknir s.s. krabbameinsskoðanir og blóðgjöf, ef ekki er hægt að koma þeim við á öðrum tíma og að því gefnu að tilefnið sé brýnt og ekki hafi verið unnt að hliðra til tímasetningu fjarvistar.
- Foreldraviðtöl í grunn- og leikskólum er heimilt að skrá sem launað leyfi.
- Þurfi starfsmaður að sækja læknisþjónustu utan Akureyrar skráist sá dagur eða hluti dags, eftir því sem við á, sem launað leyfi. Ferðadagar eru ekki greiddir sem launað leyfi.
- Ferðir starfsmanns til heimilis- eða sérfræðilæknis með barn sitt undir 13 ára aldri, ef ekki er hægt að koma þeim við á öðrum tíma. Fjarvistir vegna læknisheimsókna vegna barns skal skrá sem veikindi barna.
- Þurfi starfsmaður með barn sitt undir 13 ára aldri til Reykjavíkur skráist sá dagur eða hluti hans, eftir því sem við á, sem veikindi barna nema starfsmaður óski sjálfur eftir að taka orlof í stað þess að skrá fjarvist sem veikindi barna. Ferðadagar eru ekki greiddir sem veikindadagar barna.
- Starfsfólk getur óskað eftir leyfi yfirmanns til launaðrar fjarvistar til að vera við jarðarför nákomins ættingja/aðstandenda. Almennt eru slík leyfi hálfur dagur en einn dagur ef um lengri vegalengd er að ræða. Að öðru leyti fer um lengri fjarvist ef þörf krefur vegna andláts nákomins ættingja/aðstandanda skv. kjarasamningi.

- Starfsfólki, sem ekki hefur afsalað sér forræði yfir neysluhléum vegna styttingar vinnuvikunnar, er heimilt að nýta neysluhlé í fjarvist. Neysluhlé er samtals 35 mínútur á dag hjá starfsfólki í 100% starfi en hlutfallslega styttra ef um skert starfshlutfall er að ræða.

Öll önnur fjarvist en sú sem er talin upp hér að ofan skal tekin sem orlof eða launalaust leyfi ef vinnuskylda er ekki uppfyllt á launatímabili.

## 2. Verklag og heimildir til ólaunaðrar fjarvistar á vinnutíma

### 2.1. Heimildir til ólaunaðrar fjarvistar á vinnutíma

Ef ekki er mögulegt að sinna nauðsynlegum einkaerindum í frítíma, t.d. að fara í sjúkrahjálfuní líkamsrækt, mæta á viðburð í skóla barns eða sækja jarðarför þar sem ekki er um að ræða nákominn, þarf starfsmaður að ganga úr skugga um að heimild yfirmanns liggi fyrir, fjarvistin sé möguleg fyrir starfsemi vinnustaðarins og hafa samráð við samstarfsmenn.

Vinnustaðir eru hvattir til að setja sér verklag um hvort og þá hvaða ólaunaðar fjarvistir eru heimilaðar á vinnutíma.

Ljóst er að möguleikar á að heimila slíkar fjarvistir eru mjög takmarkaðir á stórum hluta vinnustaða Akureyrarbæjar.

### 2.2. Verklag við notkun á Vinnustund þegar um heimilaðar ólaunaðar fjarvistir er að ræða:

- Starfsmaður stimplar sig út við brottför og inn við komu. Sjá meðfylgjandi leiðbeiningar um skráningu fjarvista í Vinnustund.
- Starfsmenn sem skipaðir hafa verið í ráð og/eða nefndir á vegum Akureyrarbæjar stimpla sig út við brottför og inn við komu.

## 3. Tilkynningar um veikindi starfsmanns og veikindi barna

Hver vinnustaður skal setja sér verklagsreglur um tilkynningar veikindafjarvista.

Ef veikindin vara lengur en einn dag þarf að láta vita á hverjum degi nema annað sé ákveðið í samtali starfsmanns og yfirmanns.

Akureyri, 24. febrúar 2023



Ásthildur Sturludóttir  
Bæjarstjóri